



Fundargerð hreppsráðs 21.nóvember 2019

Fundur nr. 8 kjörtímabilið 2018-2022

Fundur haldinn í hreppsráði Vopnafjarðarhrepps 21.nóvember 2019 á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps kl 08:00.

Mætt til fundar: Stefán Grímur Rafnsson, Björn Heiðar Sigurbjörnsson og Sigríður Bragadóttir.

Einnig sátu fundinn Þór Steinarsson, Baldur Kjartansson og Sara Elísabet Svansdóttir, sem ritaði fundargerð.

1.Fundargerðir

a.Aðalfundur HAUST 30.10

Lagt fram.

b.Stjórn skólaskrifstofu Austurlands 8.11

Lagt fram.

c.Aðalfundur skólaskrifstofu Austurlands

Lagt fram.

2.Almenn mál

a.Fjárhagsáætlun 2020

Lagt fram til kynningar.

b.Götuljós í Vopnafjarðarhreppi

Hreppsráð óskar eftir því að samningar verði undirritaðir og afhending á kerfinu verði 1.maí 2020. Samþykkt samhljóða.

c.Endurskoðun fjallskilasamþykktar

Hreppsráð vísar málinu til landbúnaðarnefndar og óskar eftir fundargerð fyrir 10.desember næstkomandi. Samþykkt samhljóða.

d.Hugmyndir um framkvæmd og útlit á skólalóð

Hreppsráð fagnar þessari vinnu og felur sveitarstjóra að gera mat á kostnaði við framlagðar óskir nefndarinnar. Óskað er eftir því að rampurinn verði færður upp á íþróttasvæði í nálægð við ærslabelginn. Samþykkt samhljóða.

e.Aðalskipulag – lýsing og verkáætlun

Hreppsráð vísar þessu áfram til skipulags- og umhverfisnefndar til umfjöllunar og óskar eftir fundargerð fyrir 10.desember næstkomandi. Samþykkt samhljóða.

f.Rekstrarframlag Héraðsskjalasafn Austfirðinga 2020

Hreppsráð samþykkir meðfylgjandi fjárhagsáætlun og staðfestir að hægt sé að leggja hana fyrir aðalfund Héraðsskjalasafns Austfirðinga 29.nóvember næstkomandi. Samþykkt samhljóða.

3.Bréf til sveitarstjórnar

a.Vegagerðin – Leiðarhöfn

Lagt fram.

b.ÚÍA – Styrktarbeiðni

Hreppsráð samþykkir að styrkja ÚÍA um 200 kr á íbúa. Samþykkt samhljóða.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundargerð lesin og borin upp til samþykktar, hún samhljóða samþykkt og fundi slitið kl. 10:23.